



251. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 26. nóvember 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

Samþykkt tillaga Erlu að taka lið 4 á dagskrá, með afbrigðum.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 455, dags. 17.11.2009.

Liður 3 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.11.2009 (122. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Smiðjustígur 3, viðbygging.

Fef Borg ehf, kt. 680998 2059/ Karl Sigurgeirsson óskar eftir að byggja viðbyggingu við afgreiðslu Sæferða ehf. að Smiðjustíg 3, samkvæmt teikningum frá Ráðbarði sf. / Bjarna Þór Einarssyni, dags. 9.11.2009. Stærðir samtals kr. 79,56 m², 265,3 m³.

Samþykkt að stækka hús með fyrirvara á samþykki meðeigenda og að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Óskað eftir betri lausnum á fyrirkomulagi bílastæða á lóð.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: DS og GDP

Liður 2 Arnarborg 18, frístundahús.

Lögð fram breyting á húsi og legu þess og aðkomu sbr. teikningar frá Skipavík ehf, kt. 700175 0149/ Sigurjóni Jónssyni dags. 10.10. 2009. Stærðir samtals



110,3 m², 345,4 m³.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 5 Bókhlöðustígur 17 og 19 bílastæði á lóðum.
Lögð fram tillaga frá Jon Nordstein um bílastæði og annan lóðarfrágang milli húsa við Bókhlöðustíg 17 og 19, sbr. teikningu dags. 20.08.2009.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 21 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 12.11.2009 varðandi umsókn um styrk til reiðskemmubyggingar.

Með vísun í fyrri samþykktir bæjarstjórnar frá 27. apríl 2006 og 14. desember 2006 samþykkir bæjarráð allt að 12 millj. kr. styrkveitingu til HEFST til byggingar reiðskemmu. Miðað við breyttar forsendur skv. erindi HEFST dags. 12. nóvember 2009, lækkar styrkurinn úr 15 millj. kr. í 12 millj. kr. Skilyrði fyrir styrkveitingunni er að 5 millj. kr. styrkur fái frá landbúnaðarráðuneytinu og Snæfellingi og 7 millj. kr. fjármögnun sem tekin er fram í umsókn HEFST um endurskoðun á fyrri afgreiðslu bæjarstjórnar gangi eftir. Að öðru leyti er vísað til fyrri samþykktar bæjarstjórnar um skilyrði fyrir styrkveitingunni.

Lárus sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Lárus sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: DS og GDP

Liður 22 bréf Héraðsnefndar Snæfellinga, dags. 12.11.2009 varðandi Green Globe vottun.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: BA,LÁH,DS,EF og GDP



Liður 23 bréf Reykjavíkurborgar, dags. 10.11.2009 varðandi ósk um samstarf í verkefninu Völundarverk-Reykjavík.

Bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn verkefnisins Völundarverk-Reykjavík.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: EF,LÁH og GDP

Liður 24 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 09.11.2009 varðandi áminningu um verkfallslista.

Verkfallslisti samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 tölvupóstur Gissurar Tryggvasonar, dags. 03.11.2009 varðandi Mjöld ehf.

Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu um niðurfellingu á fasteignagjöldum né styrkveitingum til Mjaðar ehf. enda samræmist slík niðurfelling fasteignagjalda eða styrkveiting ekki lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Til máls tóku: LÁH,DS og GDP

Liður 27 bréf Heimilis og skóla, dags. 09.11.2009 varðandi styrk við verkefnið átak gegn einelti.

Samþykkt að veita Heimili og skóla styrk að upphæð 10.000 kr. vegna verkefnis um átak gegn einelti.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf FSSF, dags. 02.11.2009, trúnaðarmál.

Samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 bréf Orkustofnunar, dags. 26.10.2009 varðandi beiðni um umsögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að veita Sjávarorku rannsóknarleyfi í Hvammsfirði í Breiðafirði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 greinargerð NSV um Túnfífil og njóla í Stykkishólmi (október 2009).

Greinargerð framlögð og vísað til umsagnar í umhverfisnefnd. Bæjarráð þakkar Náttúrustofu Vesturlands fyrir vel unna skýrslu.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 drög að starfslýsingu forstöðumanns Dvalarheimilisins.
Drög að starfslýsingu forstöðumanns Dvalarheimilisins samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,EF og GDP

Samningar/tilboð.

Liður 33 þjónustusamningur - Stykkishólmsbær. Viðaukasamningur við rammasamning ríkiskaupa nr. 14631.
Viðaukasamningur við Símann samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Annað.

Liður 34 drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010-fyrri umræða.

Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010. Samþykkt að vísa drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Samþykkt um lækkingu og frystingu launa bæjarfulltrúa og nefndarmanna á árinu 2009 verði framlengt út árið 2010.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 12.11.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: BA,EF,LÁH og GDP

2.2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 11.11.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.11.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.4. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 03.11.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Fjármál.



3.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010-fyrri umræða.

Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 og svaraði spurningum.

Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 til seinni umræðu.

Til máls tóku: ELB,DS,BA,LÁH og GDP

4. Rannsóknarnefnd sjóslysa í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Norðvestur kjördæmis spurði Kristján Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í fyrirspurnartíma Alþingis hvort ráðherrann hafi í hyggju að færa starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa frá Stykkishólmi í tengslum við boðaðar hugmyndir um sameiningu rannsóknarnefnda og hvort til greina komi að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunnar verði utan höfuðborgarsvæðisins.

Í svari ráðherrans kemur fram að eðlilegt sé að höfuðstöðvar rannsóknarnefndar eftir sameiningu verði staðsettar á höfuðborgarsvæðinu þar sem flest slysin eigi sér stað á suðvesturhluta landsins. Rannsóknarnefndir umferða- og flugslysa eru nú þegar í Reykjavík og segir ráðherrann í svari sínu að þrátt fyrir áhuga hans á að flytja störf út á land verði líka að gæta þess að á bak við þau er fagfólk sem vinnur við þau. „Við rífum það ekki upp með rótum og færum út á land“, sagði ráðherrann.

Í ársskýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa 2007 kemur fram að á árunum 2000 til 2007 eiga 32% sjóslysa sér stað á svæðinu Vestmannaeyjar til Faxaflóa. 68% slysanna eiga sér stað annars staðar, þar af 13% erlendis og 29% á Vestursvæði og Vestfjörðum. Í ársskýrslu flugslysanefndar 2007 kemur fram að á árinu 2007 voru 27 flugslys rannsökuð þar af áttu 12 sér stað á suðvestur horninu, 5 erlendis og 10 annars staðar á landinu. Skv. skýrslu rannsóknarnefnda umferðaslysa 2008 eiga 72% banaslysa sér stað í dreifbýli og 28% í þéttbýli á árunum 1998 til 2008. Á árinu 2008 áttu 8 banaslys sér stað á suðvestur horninu og 4 annars staðar á landinu.

Af þessum tölum má sjá að það eru umferðaslysin sem fyrst og fremst eiga sér stað á suðvestur horni landsins.

Í Stykkishólmi er rannsóknarnefnd sjóslysa og á bak við þau störf er fagfólk. Í svari ráðherrans kemur fram að hann rífi ekki upp með rótum það fagfólk sem starfandi er við umferða- og flugslysanefnd í Reykjavík. Það hlýtur að gilda það sama um það fagfólk sem starfar við sjóslysanefnd í Stykkishólmi að það verði ekki rífið upp með rótum og flutt til Reykjavíkur. Ríkisstjórnin og allra síst ráðherra sveitarstjórnarmála getur ekki gert upp á milli fólks eftir búsetu. Það orkar einnig tvímælis að á vegum ráðuneyta séu nefndir er vinni að tillögum að flutningi opinberra starfa út á land á sama tíma og ráðherra flytur störf utan af landi til höfuðborgarinnar.



Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur áður skorað á ríkisstjórn Íslands og beinir þeirri áskorun nú sérstaklega til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hafa sanngirni að leiðarljósi og gæta þess að opinberum störfum verði ekki fækkað á landsbyggðinni. Í það minnsta að hlutfallsleg fækkun á opinberum störfum á landsbyggðinni verði ekki umfram fækkun opinberra starfa á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við íbúafjölda.

Bæjarstjórn vill þakka dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur fyrir opna umræðu og samstarf við sveitarfélög varðandi hugmyndir um breytingar á skipulagi sýslumanns- og lögreglustjóraembætta. Slík vinnubrögð eiga að vera öðrum ráðuneytum til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Til máls tóku: GDP,DS,LÁH,ÓG og BA

Fundi slitið kl. 18:15
Þór Örn Jónsson.